# AUGLÝSING

**um staðfestingu námsbrautarlýsinga framhaldsskóla.**

1. gr.

Mennta- og menningarmálaráðherra hefur skv. 23. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008 staðfest eftirfarandi námsbrautarlýsingar. Staðfesting felur í sér að lýsing á uppbyggingu námsbrauta, tengslum við atvinnulíf og/eða önnur skólastig, uppbyggingu náms á hæfniþrep, inntökuskilyrðum og skilyrðum um framvindu náms, grunnþáttum og lykilhæfni og námsmati sé í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla. Hinar staðfestu námsbrautarlýsingar teljast þar með hluti af aðalnámskrá framhaldsskóla, sbr. auglýsingu nr. 674/2011.

Staðfestingin tekur ekki til einstakra áfangalýsinga heldur lýsingar á uppbyggingu námsbrauta, tengslum við atvinnulíf og/eða önnur skólastig, uppbyggingu náms á hæfniþrep, inntökuskilyrðum og skilyrðum um framvindu náms, upplýsingum um grunnþætti, lykilhæfni og námsmat.

Skólar bera ábyrgð á að áfangalýsingar námsbrauta og kennsla falli að hæfniviðmiðum brautar og þeim ramma sem aðalnámskrá setur skólastarfi.

Nánari upplýsingar um námsbrautir má finna á vef ráðuneytisins:
https://www.stjornarradid.is/default.aspx?PageID=5ca2fcac-d742-11e6-9409-005056bc4d74.

2. gr.

| Heiti námsbrautar | Raðnúmer |
|---|---|
| Alþjóðabraut, stúdent, hæfniþrep 3 | (17-270-3-6) |
| Félagsgreinabraut, stúdent, hæfniþrep 3 | (17-147-3-6) |
| Félags- og hugvísindabraut, stúdent, hæfniþrep 3 | (17-220-3-6) |
| Félagsvísindabraut, stúdent, hæfniþrep 3 | (17-206-3-6) |
| Fótaaðgerðafræði, fótaaðgerðafræðingur, hæfniþrep 3 | (17-216-3-8) |
| Framhaldsskólabraut 1, framhaldsskólapróf, hæfniþrep 1 | (17-218-1-1) |
| Framhaldsskólabraut 2, framhaldsskólapróf, hæfniþrep 2 | (17-266-2-3) |
| Hönnunar- og nýsköpunarbraut, stúdent, hæfniþrep 3 | (17-258-3-7) |
| Íþróttabraut, stúdent, hæfniþrep 3 | (17-205-3-7) |
| Lyfjatæknabraut, lyfjatæknir, hæfniþrep 3 | (17-260-3-8) |
| Meistaranám í matvælagreinum, iðnmeistaranám, hæfniþrep 4 | (17-168-4-11) |
| Náttúru- og raunvísindabraut, stúdent, hæfniþrep 3 | (17-217-3-6) |
| Opin braut, stúdent, hæfniþrep 3 | (17-145-3-6) |
| Opin stúdentsbraut, stúdent, hæfniþrep 3 | (17-267-3-6) |
| Opin braut til stúdentsprófs, stúdent, hæfniþrep 3 | (17-221-3-6) |
| Raungreinabraut, stúdent, hæfniþrep 3 | (17-149-3-6) |
| Sérnámsbraut, starfsbraut, hæfniþrep 1 | (17-318-1-12) |
| Starfsbraut, starfsbraut, hæfniþrep 1 | (17-204-1-12) |
| Starfsbraut, starfsbraut, hæfniþrep 1 | (17-229-1-12) |
| Starfsbraut, starfsbraut, hæfniþrep 1 | (17-269-1-12) |
| Starfsbraut, starfsbraut, hæfniþrep 1 | (17-247-1-12) |
| Tanntæknabraut, tanntæknir, hæfniþrep 3 | (17-248-3-8) |
| Tölvubraut, stúdent, hæfniþrep 3 | (17-313-3-7) |
| Viðskiptabraut, stúdent, hæfniþrep 3 | (17-148-3-6) |

3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 8. ágúst 2017.*

**Kristján Þór Júlíusson.**

*Ásta Magnúsdóttir.*